

Jafnlaunastefna Vinnslustöðvarinnar

Jafnlaunastefnu þessari er ætlað að styðja við farsælan rekstur félagsins. Jafnlaunastefnan tekur til allra starfsmanna Vinnslustöðvarinnar hf.

1. MARKMIÐ

Stefna Vinnslustöðvarinnar er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar.

Markmið jafnlaunastefnunnar er að tryggja að allir starfsmenn hafi jöfn tækifæri hjá fyrirtækinu, að koma í veg fyrir kynbundin launamun og að fyrirtækið sé eftirsóttur vinnustaður.

2. FRAMKVÆMD

Til þess að fylgja eftir jafnlaunastefnu Vinnslustöðvarinnar skuldbindur félagið sig til að:

1. Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85.
2. Uppfylla kröfur laga nr. 150/2020 um innleiðingu á vottuðu jafnlaunakerfi.
3. Framkvæma árlega launagreiningu.
4. Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
5. Framkvæmda innri úttekt og rýna kerfið og árangur þess með stjórnendum árlega.
6. Fylgja lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og ábyrgðarmaður jafnlaunakerfisins yfirfer árlega að þeim sé hlítt.
7. Kynna stefnuna fyrir starfsfólki og hafa hana aðgengilega almenningi.

3. ÁBYRGÐ

Framkvæmdaráð Vinnslustöðvarinnar ber ábyrgð á að skilgreina stefnu fyrirtækisins. Sviðsstjóri mannauðssviðs ber ábyrgð á innleiðingu, umbótum og hlítingu á settum viðmiðum, sem og að tryggja að stjórnendur þekki stefnuna og uppfylli öll skilyrði.

Jafnlaunastefna þessi var upphaflega samþykkt af framkvæmdaráði Vinnslustöðvarinnar þann 22.10.2019. Jafnlaunastefnuna skal endurskoða reglulega og þegar tilefni er til, svo tryggt sé að hún endurspegli ávallt markmið og starfsemi fyrirtækisins.

Jafnlaunastefna þessi var endurskoðuð 08.10.2021 og 15.09.2025 og samþykkt af framkvæmdaráði.